

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 359/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Finni Jóhannssyni

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttarsvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1993 og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

I.

Lögreglunni í Árnessýslu barst tilkynning úr farsíma bifreiðar kl. 16.14 hinn 19. mars 1992 um útafakstur og veltu bifreiðarinnar R-21316 á mótum Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar. Sá, er tilkynnti, lét ekki nafns síns getið, en kvað ökumann bifreiðarinnar vera undir áhrifum áfengis. Er lögreglumenn voru á vettvangi, hringdi Ægir Snær Sigmarsson í lögreglu og skýrði frá því, að ökumaður bifreiðarinnar R-21316 hefði verið sér samferða af slysstað og orðið eftir í sumarbústað rétt ofan við Laugarvatn. Fundu lögreglumenn ákærða þar. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu fundust engin merki þess við lauslega athugun í bústaðnum, að þar hefði átt sér stað áfengisneysla. Fram kemur og í skýrslunni, að ákærði hafi staðfastlega neitað að kannast við bifreiðina R-21316, fyrr en á lögreglustöðina á Selfossi kom.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin lýsing vitnanna Ægis Snæs Sigmarssonar og Borgþórs Egilssonar á útliti og ástandi ákærða. Samkvæmt framburði þeirra var áfengisþefur af andardrætti ákærða, göngulag hans reikult og frásögn að sumu leyti ruglingsleg. Þeir kváðu ákærða ekki hafa haft áfengi um hönd, hvorki á slysstað né í bifreið þeirra á leið að Laugarvatni. Hann hafi færst undan því, að lögregla eða sjúkrabifreið yrði kölluð á slysstað.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi drukkið einn pilsner eða tvo, áður en hann ók bifreiðinni R-21316 frá Laugarvatni áleiðis að Selfossi, en að hann hafi á hinn bóginn vegna vanlíðunar drukkið áfengi ótæpilega, eftir að í sumarbústaðinn kom að aflokinni ökuferðinni og áður en lögregla kom þangað.

II.

Sýni til rannsóknar á alkóhólinnihaldi voru tekin úr blóði ákærða kl. 18.20 og úr þvagi kl. 18.45 á lögreglustöðinni á Selfossi. Eins og fram kemur í héraðsdómi, reyndist alkóhólmagn í blóði 2,37‰, en í þvagi 2,96‰.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsett 10. nóvember 1993, þar sem svarað er fyrirspurn um það, hvað álykta megi út frá niðurstöðum um magn alkóhóls í blóði og þvagi ákærða á þeim tíma, sem tilkynning barst lögreglu. Í svarbréfinu segir svo meðal annars:

„Magn etanóls í þvagi var svo mikið í samanburði við magn þess í blóði, að það bendir til alllangrar drykkju, og ólíklegt er, að umtalsverð áfengisneysla hafi átt sér stað frá kl. 16.14 til kl. 18.45 og sér í lagi á síðari hluta þess tímabils.

Hlutfallið milli magns etanóls í blóði og þvagi bendir enn fremur til nokkurn veginn jafnvægisstöðu og samræmist að minnsta kosti ekki því, að umtalsverð áfengisneysla hafi átt sér stað á tímabilinu frá kl. 16.14 til kl. 18.45 og sér í lagi ekki á síðari hluta þess tímabils.“

III.

Við rannsókn málsins var ákærði ekki spurður um tegund og magn þess áfengis, er hann kvaðst hafa drukkið eftir akstur bifreiðarinnar. Ekki kemur heldur fram í rannsóknargögnum, hvenær lögregla kom að ákærða í sumarbústaðnum. Úr þessu mátti bæta við dómsmeðferð málsins.

Ekki þykir varhugavert að byggja á samhljóða framburði vitnanna Borgþórs Egilssonar og Ægis Snæs Sigmarssonar um, að ákærði hafi borið ýmis merki ölvunar, er þeir komu að bifreið hans. Í þann farveg hnígur og tilkynning til lögreglu um útafakstur ákærða. Þegar litið er til magns alkóhóls í blóði og þvagi ákærða

og höfð hliðsjón af tilvitnuðu bréfi Rannsóknastofu í lyfjafræði, þykir framburður hans um mikla áfengisneyslu, eftir að hann kom í sumarbústaðinn, ekki trúverðugur. Þessi atriði og endalok ökuferðar ákærða þykja renna nægum stoðum undir það, að hann hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Verður því talið sannað, að ákærði hafi greint sinn brotið gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi, að hann hefði ekið of hratt að gatnamótunum, þar sem bifreiðin fór út af veginum, en samkvæmt lögregluskýrslu gildir þar almennur umferðarréttur. Verður að telja sannað, að hinn ógætilegi akstur hans hafi leitt til þess, að bifreiðin hafnaði utan vegar og valt. Hefur ákærði þannig einnig gerst sekur um brot gegn almennum varúðarreglum umferðarlaga, sem fram koma í 4. gr. þeirra.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann á árinu 1986 sekt og ökuleyfis sviptingu í tólf mánuði fyrir ölvun við akstur. Á árunum 1987 og 1988 hlaut hann tvívegis sekt fyrir akstur án réttinda.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga þykir hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt í ríkissjóð og vararefsing þrettán daga varðhald. Þá ber að svipta ákærða ökurétti í tólf mánuði samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993.

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýj-unarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

Eigi verður séð, að héraðsdómari hafi borið undir vitni skýrslur þeirra hjá lögreglu. Rétt hefði verið að kalla fyrir dóminn lögreglu-menn þá, er unnu að frumrannsókn málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Finnur Jóhannsson, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi þrettán daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökurétti í tólf mánuði frá sama tíma.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns þar, Björns Jónssonar héraðsdóms-lögmans, 45.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Ólafs Hallgrímssonar hæsta-réttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júlí 1993.

Ár 1993, mánudaginn 26. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-151/1993: Ákærvaldið gegn Finni Jóhannssyni, sem dómtekið er í dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dag-settu 8. mars sl., á hendur Finni Jóhannssyni, þá til heimilis að Krókabyggð 4, Mosfellsbæ, kt. 201047-4209, „fyrir að aka bifreiðinni R-21316 fimmtu-daginn 19. mars 1992 undir áhrifum áfengis frá Laugarvatni í Árnessýslu áleiðis til Reykjavíkur og svo ógætilega um mót Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar, að hann velti bifreiðinni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Fimmtudaginn 19. mars 1992 var lögreglunni í Árnessýslu tilkynnt, að bifreiðin R-21316 væri á hvolfi utan vegar á mótum Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar. Fóru lögreglumenn á vettvang og komu að bifreið-inni, þar sem hún var á toppnum um tíu metra utan vegar. Við stýrishjólið var tómur vodkapeli og tvær Löwenbräu-bjórdósir, einnig tómar.

Vitnið Ægir Snær Sigmarsson var farþegi í bifreið Borgþórs Einarssonar á leið upp Biskupstungnabraut. Er þeir komu yfir hæð vestan við mót Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar, sá vitnið jeppa á hvolfi utan vegar og að maður var að skriða út úr honum. Staðnæmdust þeir þarna, og fór vitnið að tala við manninn, sem hafði verið einn í bílnum. Sá vitnið strax, að jafnvægi hans var óstöðugt. Spurði vitnið, hvort allt væri í lagi með hann, og kvað hann svo vera. Tók vitnið þá eftir því, að blóð var á höfði hans, og sagði honum frá því, en hann virtist þá ekki hafa vitað af því. Buðu þeir ákærða þá að koma honum til læknis. Það þáði hann ekki, en þegar hann vissi, að þeir voru á leið að Laugarvatni, vildi hann fara með þeim þangað. Vitnið kvaðst hafa fundið greinilegan áfengisþef leggja frá vitum ákærða, er hann kom inn í bílinn. Skildu þeir síðan við

ákærða hjá sumarbústað skammt ofan við Laugarvatn. Vitnið kvað göngulag ákærða hafa verið skrykkjótt og jafnvel óstöðugt, er hann fór úr bifreiðinni. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekki haft áfengi undir höndum í bílnum hjá þeim, og ekki hefði hann drukkið áfengi á slysstað; hefði hann gert það, hefði það ekki farið fram hjá vitninu.

Vitnið Borgþór Egilsson lýsti aðkomu á slysstað með sama hætti og félagi hans, Ægir Snær. Hann kvað ákærða hafa sagt, að hann hefði ekki tilkynnt slysið, og skildist vitninu, að þetta hefði verið að gerast rétt í því, að þeir komu, og að ákærði hefði alls ekki viljað, að lögreglu yrði blandað í málið, né heldur þáði hann boð um akstur til læknis vegna sárs, er hann hafði á höfði.

Varð úr, að ákærði þáði far með vitninu að Laugarvatni, og þar skammt fyrir ofan fór hann í sumarbústað. Vitnið kvaðst hafa fundið áfengisþef leggja frá ákærða á leið þeirra að Laugarvatni, og þegar hann gekk frá bifreiðinni, sagðist vitnið hafa séð, að göngulag hans var reikult. Ákærði var ekki með áfengi á slysstað, og ekki sá vitnið hann neyta áfengis.

Tekið var blóðsýni úr ákærða, og reyndust vera 2,37‰ í blóði, en í þvagsýni var magnið 2,96‰.

Ákærði var við vinnu í sumarbústað við Laugarvatn og sagðist hafa verið á leið frá Laugarvatni á bifreiðinni R-21316, sem er Lada-Sport, og ætlað niður á Selfoss að kaupa byggingarefni. Við mót Biskupstungnabrautar og vegarins að Laugarvatni hefði bifreið, sem ekið var upp Biskupstungnabraut, verið ekið í veg fyrir ákærða, og missti hann þá bifreiðina út af, og valt hún á hliðina. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, áður en þetta gerðist. Ákærði kvaðst ekki hafa hafið að drekka áfengi fyrr en eftir, að búið var að aka með hann í sumarbústað að Laugarvatni. Hafi sér verið brugðið vegna slyssins, og sagðist hann hafa „sturtað í sig“ áfengi. Ákærði kvaðst hafa verið með öllu ódrukkinn, er slysið varð, en kvaðst hafa drukkið einn eða tvo pilsnera, áður en hann ók.

Enda þótt vitnin Borgþór Egilsson og Ægir Snær Sigmarsson, sem komu að ákærða á slysvettvangi rétt eftir slysið, hafi borið, að þeir hafi fundið áfengislykt leggja frá vitum ákærða, er hann var farþegi í bifreið þeirra að Laugarvatni, og að hann hafi verið reikull í spori, er hann gekk frá bifreiðinni, er ekki nægjanlega sannað, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni, enda var blóð ekki tekið frá honum fyrr en um tveimur tímum eftir, að tilkynnt var um slysið. Ákærði hefur borið, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, í sumarbústað þeim, þar sem hann var handtekinn, og hefur sú frásögn hans ekki verið hrakin.

Þá liggur ekki fyrir lýsing á vettvangi eða uppdráttur, sem sýni aðstæður, svo að sönnunargögn skortir fyrir því, að ákærði hafi brotið gegn ákvæði 4. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, og eftir úrslitum málsins ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björns Jónssonar hdl., 45.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Finnur Jóhannsson, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða, Björns Jónssonar hdl., 45.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
